

REGLUR

um verklag, framsetningu og sniðmát fyrir skýrslu váttryggingafélaga um gjaldþol og fjárhagslega stöðu.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um starfsemi innlendra váttryggingafélaga og starfsemi erlendra váttryggingafélaga hér á landi, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi. Þá gilda reglur þessar um váttryggingasamstæður, sbr. 1. gr. laga nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður.

2. gr.

Verklag, framsetning og sniðmát fyrir skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu.

Samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi skal váttryggingafélag eigi síðar en 14 vikum eftir lok reikningsárs birta opinberlega skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu. Reglur þessar eru settar til að innleiða tæknilega framkvæmdarstaðla sem mæla fyrir um verklag, framsetningu og sniðmát vegna skýrslugjafarinnar.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laga nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður ber hluteignarfélag, eignarhaldsfélag á váttryggingasviði og blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í váttryggingasamstæðu ábyrgð á að birta árlega opinberlega skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu á samstæðugrundvelli.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi:

- a. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2452 frá 2. desember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklag, framsetningu og sniðmát fyrir skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 94 frá 21. nóvember 2019, bls. 1-196.
- b. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2190 frá 24. nóvember 2017 um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2452 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklag, framsetningu og sniðmát fyrir skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2019 frá 14. júní 2019. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 16 frá 12. mars 2020, bls. 53-68.
- c. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1843 frá 23. nóvember 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2452 að því er varðar umfang sniðmáts vegna upplýsinga um iðgjöld, tjón og rekstrarkostnað eftir löndum, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2019 frá 14. júní 2019. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 16 frá 12. mars 2020, bls. 69-71.
- d. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2102 frá 27. nóvember 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2452 með tilliti til birtingar upplýsinga sem notaðar eru við útreikning á leiðréttingu fyrir tapgleypni frestaðs skatts, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2020 frá 12. júní 2020 (óbirt). Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 37 frá 27. maí 2021, bls. 203-209.

4. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 4. mgr. 57. gr. laga nr. 100/2016 um váttrygginga-
starfsemi og 5. mgr. 41. gr. laga nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður, öðlast þegar gildi. Við gildis-
töku þeirra falla úr gildi reglur nr. 1365/2019 og 514/2020.

Seðlabanka Íslands, 30. september 2021.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 4. október 2021